

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2024

Efni: Umsögn BBA//Fjeldco um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt

BBA//Fjeldco ehf., vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (hér eftir „TSL“). Frumvarpinu er ætlað að einfalda regluverk þegar kemur að erlendri fjárfestingu til gera íslenskum fyrirtækjum auðveldara um vik að sækja fjármagn erlendis frá.

Nýting rekstrartaps og tvísköttun

Niðurstaða yfirkattanefndar í úrskurði nr. 173/2023 leiddi til breyttrar skattframkvæmdar sem hefur sérstaklega neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu nýsköpunarfyrirtækja sem staðsett eru hér á landi en stunda viðskipti á alþjóðlegum markaði. Hin breytta túlkun felst í því að íslensk fyrirtæki, sem eiga yfirfæranlegt tap frá fyrri árum, geta ekki fært afdráttarskatta, sem koma til greiðslu í öðrum löndum, til frádráttar greiddum sköttum hér á landi, sbr. 5. mgr. 119. gr. TSL. Fyrir úrskurðinn var skattframkvæmd hins vegar sú að íslensk fyrirtæki höfðu val og gátu því frestað nýtingu taps að hluta til að nýta slíkan frádrátt og forðast tvísköttun.

Þessi aðstaða kemur sér sérstaklega illa t.d. fyrir fyrirtæki sem selja hugverkaréttindi til ríkja sem innheimta afdráttarskatta. Á það við í sumum tilvikum í ríki sem við höfum gert tvísköttunarsamninga við en höfum ekki samið um að afnema slíka skattlagningu. Að sama skapi á slíkt við þegar við höfum ekki gert tvísköttunarsamninga við viðkomandi ríki. Við höfum orðið vör við að fyrirtæki líti svo á að þessi aðstaða hafi veruleg neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu þeirra hér á landi. Önnur ríki hafa oft annað hvort gert fleiri og hagstæðari tvísköttunarsamninga og/eða gera ráð fyrir úrræðum til að nýta frádrátt vegna erlendra skatta í skattalögum þeirra ríkja.

Með vísun í framangreint þykir töluverð ástæða til þess að bregðast við með því að gera ráð fyrir því að nýting á yfirfæranlegu tapi sé valkvætt. Bæta mætti þannig nýjum málslið við ákvæði 8. tölul. 31. gr. TSL sem gæti því orðið svohljóðandi: *Frádráttur taps frá fyrri árum er á hverju ári valkvæður og að því leyti sem skattaðili kys að nýta ekki heimild til frádráttar taps flyst tapið óbreytt áfram til frádráttar á síðari árum.*

Virðingarfyllst,



Páll Jóhannesson
lögmaður